

# Fréttapistill frá forseta Íslands

22. september 2019

Nýliðin vika hefur verið viðburðarík eins og endranær. Um síðustu helgi sótti ég Miðgarðshátíðina sem haldin var í Kópavogi. Þar komu saman unnendur hvers kyns leikja, borðspila og undraheima og erlenda gesti bar líka að garði, þeirra á meðal nýsjálenska leikarann Manu Bennett sem margir þekkja (að vísu er erfitt að bera kennsl á hann í gervi Azogs sem hann lék í Hobbitanum). Gaman var að spjalla þarna við gesti og gangandi. Allt er gott í hófi, ekki síst skemmtilegir leikir og tómsundur þar sem fólk leyfir sér að láta hugann reika í töfraveröldum. Til dæmis var afar gaman að prófa tölvuleikinn sem liðsmenn Myrkurs vinna að þótt fáum sögum fari af afrekum mínum þar.

Úr Miðgarði lá leiðin á 90 ára afmæli Kvæðamannafélagsins Iðunnar. Þar var iðkuð list af öðru tagi en eins skemmtileg, rímur kveðnar og sungnar. Hripaði ég þá hjá mér þessar línur Ragnars Inga Aðalsteinssonar sem hefur svo sannarlega lagt sitt af mörkum til að varðveita og efla þennan menningararf okkar:

Einn við tölvu ekki skaltu hanga,

af því færðu fölan vanga.

Farðu frekar út að ganga.

Síðustu dagar hafa verið helgaðir merkjum málefnum. Á föstudaginn var voru fjölmenn mótmæli víða um heim, meðal annars hér á landi, þar sem fólk krafðist róttækra aðgerða í loftslagsmálum, og voru ungmenni í broddi fylkingar. Kappið og einlægnin eykur von.

Í gær var alþjóðlegi Alzheimerdagurinn, holl brýning um að hlúa vel að fólki með heilabilun og aðstandendum þeirra, og leggja áherslu á leitina að lækningum og meðferðum. Ég er sannfærður um að í þessum efnum sem öðrum munu vísindin koma að gagni, að mannshugurinn muni finna lausnir sem duga þegar við leitumst við að bæta hag okkar og komandi kynslóða.

Og í dag er bíllausi dagurinn, ágætis áminning um nauðsyn þess að efla almenningssamgöngur og huga að umhverfissvænum lífsstíl. En samt munu einhverjir sjá mig á bíl í dag ef að líkum lætur; að komast með fjölskylduna með strætó á þá viðburði sem fyrir liggja um borg og bí væri miklum erfiðleikum bundið, vægast sagt. Öfgar og sýndarmennska munu aldrei þoka okkur í rétta átt.

Á morgun höldum við Eliza svo í opinbera heimsókn til Grænlands, fljúgum þangað glöð í bragði. Já, við hlökkum til að sækja næstu nágranna okkar heim, í þessu mikla landi þeirra með öllum þeim tækifærum og áskorunum sem þar bíða í óráðinni framtíð. Þessu tengt nefni ég að lokum að í nýliðinni viku var ég svo heppinn að fá að taka á móti börnum frá austurströnd Grænlands sem eru hér í sundnámi og kynnast um leið jafnöldrum sínum, skólastarfi og menningu hér. Síðastliðin fjórtán ár hefur Kalak, vinafélag Íslands og Grænlands, staðið að heimsóknunum af þessu tagi, með

dyggum stuðningi ýmissa stofnana og fyrirtækja sem hér er þakkað kærlega fyrir. – Í blálokin þakka ég svo líka fyrir skemmtilega kvöldstund á tónleikum Mezzoforte í Háskólabíói í gærkvöldi; þar léku miklir snillingar listir sínar.

Að neðan er mynd frá heimsókn grænlenku barnanna í september 2016. Þau voru meðal fyrstu gesta sem ég tók á mótum á Bessastöðum og auðvitað tókum við víkingaklappið saman, þetta skömmu eftir Evrópuævintýri karlalandsliðsins í knattspyrnu í París. Svo eru hér nokkrar myndir frá Miðgarðshátíðinni og afmælishátíð Iðunnar um síðustu helgi.